

**Nd.**

**102. Frumvarp til laga**

**[92. mál]**

um breyting á heilsuverndarlögum nr. 44/1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr., svo hljóðandi:  
Ráðherra skipar fasta lækna heilsuverndarstöðva og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

2. gr.

5. gr. verði 6. gr. og 6. gr. verði 7. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nefnd sú, sem unnið hefur að endurskoðun almannatryggingalaganna hefur gert frumvarp þetta. Frumvarpið er samið í samræmi við frumvarp það til almannatryggingalaga, sem nefndin hefur undirbúið. Í því frumvarpi er felldur niður III. kafli almannatryggingalaga nr. 50/1946, um heilsugæzlu. Í þeim kafla er svo fyrir mælt, að ráðherra skipi fasta lækna heilsuverndarstöðva og að laun þeirra greiðist úr ríkissjóði. Verði frumvarp nefndarinnar, um almannatryggingar, lögfest, er nauðsynlegt að setja lög um skipun lækna við heilsuverndarstöðvar og launagreiðslur til þeirra. Nefndinni virðist eðlilegast, að ákvæði um þetta yrði bætt inn í hin nýju heilsuverndarlög. Það er aðeins þetta, sem felst í frumvarpi því, er hér liggur fyrir. Einstakar greinar þarfnast ekki skýringa.